

Nr. 024 / 13 Esjar SH 75***Skipverji sker sig í hendi***

Skipaskr.nr. 2330
Smíðaður: Hafnarfirði 1999 stál
Stærð: 51,87 brl 55,27 bt.
Mesta lengd: 19,8 m Skráð lengd: 18,39 m
Breidd: 4,99 m Dýpt: 2,32 m
Vél: Caterpillar 336 1998
Fjöldi skipverja: 4



Esjar©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. febrúar 2013 var Esjar SH 75 á dragnótaveiðum á Breiðafirði. Veður

Skipverji vann við aðgerð aflans og var að slægja kola þegar hnífurinn skarst í gegnum bæði þunnildi kolans og í vinstri hendi skipverjans.

Slasaði leitaði læknis þegar í land var komið.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa haldið á kolanum í vinstri hendi og hnífnum í hægri og beitt hnífnum á hefðbundinn hátt við slægingu kolans;
- að slasaði sagði að hann hafi sennilega tekið of mikið á hnífnum þar sem hann var flugbeittur og hafi nær skorið kolann í sundur;
- að slasaði taldi að tafsamt væri að skipta um hnífa og nota blaðstyttri hníf þegar slægður er koli þar sem margar tegundir fiska koma í hverju holi.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.